

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/3/ESB

2013/EES/70/15

frá 1. febrúar 2010

um breytingu á III. og IV. viðauka við tilskipun ráðsins 76/768/EBE um snyrtivörur í því skyni að laga þá að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

4) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um snyrtivörur.

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 8. gr.,

1. gr.

Ákvæðum III. og VI. viðauka við tilskipun 76/768/EBE er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

að höfðu samráði við vísindanefndina um öryggi neytenda,

2. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Vísindanefndin um neysluvörur, en í stað hennar kom vísindanefndin um öryggi neytenda með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/721/EB ⁽²⁾, komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 15. apríl 2008 að Ethyl Lauroyl Arginate HCl sé öruggt fyrir neytendur þegar það er notað upp að leyfilegum hámarksstyrk 0,8% í sápu, flösuþandi hárvottalög og lyktyði sem ekki er í úðaformi. Því ber að skrá efnið í III. viðauka við tilskipun 76/768/EBE.

1. Aðildarríkin skulu samþykka og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. september 2010. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. mars 2011.

2) Vísindanefndin um neysluvörur komst að þeirri niðurstöðu í sama álitinu að Ethyl Lauroyl Arginate HCl sé öruggt fyrir neytendur þegar það er notað upp að leyfilegum hámarksstyrk 0,4% sem rotvarnarefni í snyrtivörur. Hins vegar taldi nefndin að ekki skuli nota efnið í vörur fyrir varir, vörur til munnhirðu eða úðavörur vegna hugsanlegrar ertingar í slímhúð og öndunarfærum. Því ber að skrá efnið með þessum takmörkunum í VI. viðauka við tilskipun 76/768/EBE.

Þegar aðildarríkin samþykka þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykka um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3) Því ber að breyta tilskipun 76/768/EBE til samræmis við það.

3. gr.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 29, 2.2.2010, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 89/2012 frá 30. apríl 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 50, 13.9.2012, bls. 31.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 262, 27.9.1976, bls. 169.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 241, 10.9.2008, bls. 21.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel Barroso

forseti.

VIÐAUKI

1. Eftirfarandi færsla bætist við í töflunni í 1. hluta III. viðauka við tilskipun 76/768/EBE:

Tilvísunarnúmer	Efni	Takmarkanir			Notkunarskilyrði og varnaðarorð sem prenta verður á merki-miðann
		Notkunarsvið	Leyfilegur hámarksstyrkur í fullunninni snyrtivöru	Aðrar takmarkanir og kröfur	
a	b	c	d	e	f
„207	Ethyl Lauroyl Arginate HCl (INCI-heiti) (*) etyl-N α -dódekanóýl-L-arginathýdróklóríð CAS-nr. 60372-77-2 EB-nr. 434-630-6	a) sápa b) flösuþandi hárfvottalegir c) lykteyðar, ekki í úðaformi	0,8%	Í öðrum tilgangi en til að hindra myndun örvera í vörunni. Tilgangurinn verður að koma greinilega fram í kynningu vörunnar.	

(*) Sem rotvarnarefni, sjá færslu nr. 58 í 1. hluta VI. viðauka.⁴⁴

2. Eftirfarandi færsla bætist við í töflunni í 1. hluta VI. viðauka við tilskipun 76/768/EBE:

Tilvísunarnúmer	Efni	Leyfilegur hámarksstyrkur	Takmarkanir og kröfur	Notkunarskilyrði og varnaðarorð sem prenta verður á merki-miðann
a	b	c	d	e
„58	Ethyl Lauroyl Arginate HCl (INCI-heiti) (*) (**) etyl-N α -dódekanóýl-L-arginathýdróklóríð CAS-nr. 60372-77-2 EB-nr. 434-630-6	0,4%	Má ekki nota í vörur fyrir varir, vörur til munnhirðu eða úðavörur.	

(**) Ekki til notkunar sem rotvarnarefni, sjá færslu nr. 207 í 1. hluta III. viðauka.⁴⁴